

Alþingi 29.3.2017

Málsnr.: 1702082
Málalykill: 034.5

Nefndarsvið Alþingis

Umhverfis og samgöngunefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjanesbæ 20 mars 2017.

Athugasemdir Bifreiðastjórafélagsins Fylkis og A-Stöðvarinnar- leigubílar í Reykjanesbæ við umsagnir umsagnaðila varðandi þingskjal nr. 187, mál nr. 128, frumvarp samgöngu og sveitarstjórnarráðherra til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Við sáum ekki ástæðu til að senda inn athugasemdir vegna frumvarpsins þar sem við töldum það í megin atriðum nokkuð gott, þó fram hefði mátt koma að bifreiðar sem notaðar eru hjá fyrirtækjum til flutnings starfsmanna eða gesta þyrftu að vera merktar viðkomandi fyrirtæki til að auðvelda eftirlitsaðilum starf þeirra, einnig að kveða á um lágmarks breytingar á bifreiðum sérútbúnum til fjallaferða.

Það sem knýr okkur til þessara athugasemda nú eru umsagnir sem hópferðafyrirtæki og leiðsögumenn hafa sent inn og krafist þess að þeim verði heimilað að nota allt að fjögurra farþega bifreiðar í sinni þágu og viljum við því benda á eftirfarandi staðreyndir.

1. Leigubifreiðum á Íslandi hefur ekki fjölgað síðan hér voru u.þ.b. 100.000 ferðamenn.
2. Hópferðafyrirtæki eiga ekki og hafa aldrei átt að stunda einstaklingsþjónustu á þessu sviði.
3. Nám leiðsögumanna veitir þeim einungis leyfi til að leiðsegja ferðamönnum en ekki að aka þeim gegn gjaldi.
4. Mörg hótél og gististaðir aka ferðamönnum án þess að bílstjórar þeirra hafi til þess tilskylin réttindi því að sjálfsögðu er þeirra akstur ekki án greiðslu gjalds fyrir aksturinn.

Leigubifreiðum hefur ekki fjölgað hér á landi vegna þessa að allir aðrir hafa vaðið inn á okkar starfsvettvang óhindrað og eftirlitslaust og þá sérstaklega hópferðafyrirtækin sem hafa átölulaust fengið að pikka upp fólk á hótélum og flutt það til sinna starfsstöðva þar sem það fer í stærri rútur.

Þetta er verkefni smærri bíla, oftast nær, og þessir bílar eru til og reiðubúnir til þjónustu og örugglega hægt að fjölga þeim ef á þarf að halda. Þessir bílar heita "leigubílar" og því akkúrat engin ástæða fyrir hópferðafyrirtækin að gýna yfir þessu líka en mikil yfirgangur hefur verið af þeirra hálfu gagnvart okkar starfsvettvangi til langs tíma og til vansa fyrir stjórnvöld að hafa látið málin þróast á þennan hátt átölulaust. Vegna þessa yfirgangs þurfum við að búa við að þurfa hanga og bíða eftir ferðum en þess skal getið að hver ferð eða hver túr eins og við köllum það er okkar laun og ef þeir eru fáir þá berum við ekki mikið

úr bótum og ef þið samþykkið þessa kröfu sem fram er komin þá eruð þið að taka ákvörðun um að svipta okkur lífsviðurværi okkar.

Við bendum á að nú nálgast ferðamannafjöldinn á Íslandi 2 miljónir og enn er sami fjöldi leigubifreiða og var er þeir voru 100 þúsund. Við spyrjum því, er ekki skakkt gefið hér og einnig hver ætlar að gæta okkar hagsmuna ?

Varðandi leiðsögumenn og starfsfólk hótela og gististaða þá bendum við á að leigubifreiðastjóri þarf að undirgangast þrennskonar nám og próf auk þess sem hann þarf að aka sem afleysingarmaður hjá leyfishafa í 1250 – 1600 daga eða í fjögur til fimm ár áður en hann öðlast réttindi til að aka fólki gegn gjaldi. Því teljum við að þessir aðilar uppfylli á enga hátt skilyrði til að stunda þessa atvinnu gegn gjaldi.

Við sjáum ástæðu til að upplýsa að starf okkar snýst ekki eingöngu um að aka ölvuðu fólki um helgar og því nauðsynlegt að tryggja starfsvettvang og starfsöryggi okkar þannig að við höfum sem samfelldasta vinnu á virkum dögum því útgerð leigubifreiða er kostnaðarsöm þar sem bifreiðarnar eru mikið eknar ár hvert og því endurnýjun ör og viðhaldskostnaður mikill.

Ungir stjórnámálmenn í sumum flokkum hafa hrópað eftir þjónustu Uber og talið að það leysi allan vanda, en svo er ekki, stór hluti af greiðslu fyrir þá þjónustu fer úr landi og bílstjóranirnir yrðu lágtekjumenn eins og annarsstaðar þar sem þetta fyrirtæki hefur náð fótfestu. Væri því mikið nær að tryggja að þjónustu leigubifreiða á Íslandi verði leyft að vaxa og dafna á eðlilegan hátt en ekki að hrúga nýjum þjónustuaðilum inn á markaðinn eins og hópferðafyrirtækin og leiðsögumenn vilja gera. Þá er rétt að benda á að ríkið fær miklar tekjur af rekstri leigubifreiða þar sem við erum ekki með niðurgreitt eldsneyti og borgum því háa eldsneytisskatta og virðisauka af því og jafnframt af öllu viðhaldi líka. Þá greiðum við staðgreiðslu af áætluðum launum auk þess sem allur rekstrarhagnaður er reikaður okkur sem laun og greiðum því fullan skatt af því líka.

Þá er vert að vara hér við Facebook síðunni „ Skutlari.is „ þar sem einka aðilar á heimilisbílum bjóða akstur gegn gjaldi, útvegum eiturlyfja, áfengis og bjórs og jafnvel hefur það komið upp að ökumennirnir hafa verið undir áhrifum þessara efna líka og af hlotist alvarleg slys.

Er þetta það sem þið viljið fyrir ykkur sjálf og börnin ykkar eða eigum við að hafa þetta eins öruggt og við mögulega getum. Þið getið astoðað með því að sjá til þess að okkur sé gert unnt að starfa áfram og að við fáum að vaxa og dafna eins og önnur starfsemi í þessu landi.

Virðingarfyllt,

F.h. Bifreiðastj. fél. Fylkis og A-stöðvarinnar.

Valur Ármann Gunnarsson, talsmaður Fylkis

Kjartan Valdimarsson, stjórnarform. A-Stöðvar.